

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 — 1988

28. júlí 1988

913

Nr. 399

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Starfssjóð læknadeildar Háskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. júlí 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Starfssjóð læknadeildar Háskóla Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Starfssjóður læknadeildar Háskóla Íslands. Hann er stofnaður af Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund með gjafabréfi dags. 21. apríl 1987 í tilefni af 65 ára afmæli heimilisins til minningar um Bjarna Bjarnason, lækni, Skúla Guðjónsson, prófessor og Þórð Sveinsson prófessor.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 250 000,00. Stofnféð skal ekki skerða, og fyrstu fimm árin skal a.m.k. helmingur vaxta og verðbóta lagður við höfuðstólinn.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við framlögum, gjöfum og áheitum, og skal um slík framlög fara svo sem segir í 2. gr.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hvers konar starfsemi læknadeildar Háskóla Íslands. Einkanlega má til nefna fyrirlestrahald og námsstefnur, heimboð erlendra gesta og greiðslur ferðapeninga til kennara læknadeildar og hvað eina, sem verða má að gagni fyrir fræðastarfsemi deildarinnar á hverjum tíma.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins sitja: forseti læknadeildar, formaður vísindanefndar og formaður kennslunefndar deildarinnar.

6. gr.

Háskóli Íslands annast varðveislu fjár sjóðsins og reikningshald. Um endurskoðun og birtingu reikninga fer sem um aðra sjóði Háskóla Íslands á hverjum tíma.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.